

Nd.

73. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Víf 1. gr. Greinin orðist svo:
Skipaður skal 5 manna gerðardómur í kaupgjaldsmálum. Hæstiréttur Íslands skipar alla gerðardómsmennina, og skal formaður dómsins skipaður sérstaklega. Enn fremur skipar hæstiréttur 3 menn til vara, og taka þeir sæti í dómnum eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Allur ágreiningur, sem verður um kaup og kjör milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda hér á landi, skal lagður undir úrskurð gerðardómsins.
3. Við 4.—7. gr. Greinarnar falla niður, og breytist greinatalan samkv. því.
4. Við 12. gr. (sem verður 8. gr.). Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. Við frv. bætast svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir:

Meðan styrjöld sú, er nú stendur yfir, varir í Norðurálfunni, skulu eftirfarandi ákvæði gilda sem lög:

1. Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupum eða kjörum, eru óheimil.
2. Ríkisstjórnin gefur út skrá yfir nauðsynjavörur innlendar og innfluttar, og ákveður gerðardómurinn verð á þeim í heildsölu og smásölu. Verðlagið skal endurskoðað, þegar verðlagsnefndir eða ríkisstjórnin gera tillögur um það.
3. Gerðardómurinn ákveður farmgjöld með skipum, sem gerð eru út af íslenskum mönnum, þegar ríkisstjórnin eða útgerðarmaður óskar þess.
4. Gerðardómurinn ákveður verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og taxa fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt, þegar ríkisstjórnin felur honum það.
6. Fyrirsögn frumv. skal orða svo:
Frumvarp til laga um gerðardóm í kaupgjaldsmálum o. fl.